

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 21. desember 1993

um staðlað eyðublað fyrir tilkynningu um ákvörðun um að veita vistmerki bandalagsins (*)

(94/10/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákvörðun um að úthluta vistmerki skuli tekin af lögbærri stofnun aðildarríkis þegar varan hefur verið metin. Enn fremur er kveðið á um að stofnunin skuli tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína og láta fylgja með allar matsniðurstöður og ágríp af þeim.

Með því að nota staðlað eyðublað má gera ráð fyrir að gagnsæi vörumatsins og úthlutunaraðferðanna aukist.

Ráðstafanirnar í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðlaða eyðublaðið sem um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er hér með fest í sessi, með því sniði sem fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Yannis PALEOKRASSAS

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 7, 11. 1. 1994, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

Staðlað eyðublað sem lögbær stofnun skal fylla út vegna tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 10. gr. eða í upplýsingaskyni í samræmi við 7. mgr. 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 880/92

INNSENDINGARDAGUR NÚMER UMSÓKNAR ⁽¹⁾

ÁKVÖRDUN SAMÞYKKT HAFNAÐ ⁽²⁾

Andmæli frá öðrum lögbærum stofnunum verða að berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en ⁽³⁾

1. UPPLÝSINGAR UM LÖGBÆRA STOFNUN

| HEITI OG FULLT HEIMILISFANG | SÍMI | BRÉFASÍMI |
|-----------------------------|------|-----------|
| | | |
| | | |
| | | |
| Milligöngumaður: | | |

2. UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA NAFN OG FULLT HEIMILISFANG SÍMI BRÉFASÍMI

| HEITI OG FULLT HEIMILISFANG | SÍMI | BRÉFASÍMI |
|--|------|-----------|
| | | |
| | | |
| | | |
| <input type="checkbox"/> Framleiðandi <input type="checkbox"/> Innflytjandi <input type="checkbox"/> Annað (vinsamlegast tilgreinið) | | |
| Milligöngumaður: | | |
| Staðsetning starfsstöðva(r): | | |

3. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKN

| | | |
|--|---|----------------------|
| <input type="checkbox"/> Fyrsta umsókn | <input type="checkbox"/> Endurnýjun-tilgreinið skráningarnúmer upprunalegu umsóknarinnar ⁽⁴⁾ | <input type="text"/> |
| <input type="checkbox"/> Annað (vinsamlegast tilgreinið — notið sérstakt blað ef með þarf) | | |

4. VÖRULÝSING

| |
|-----------------------|
| Vöruhegund: |
| Viðskiptaheiti: |
| |
| |

5. Hvaða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar/ráðsins gildir um þessa vöru?

/ / EBE

6. Er varan í samræmi við ákvæði 1. og 4. gr. reglugerðarinnar?

Já Nei —————> Umsókn hafnað

Hefur öllum viðmiðunarforsendum samkvæmt ákvörðuninni í 5. lið verið mætt?

Já Nei —————> Umsókn hafnað

Hefur þessari vöru áður verið hafnað við umsókn um úthlutun vistmerkis?

Nei Já

- Hvenær?

- Af hvaða lögbærri stofnun?

- Skráningarnr. (5)

7. Þennan hluta þarf ekki að fylla verði umsókninni hafnað.

Vörumat í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar og viðmiðunarforsendur vöruhóps eins og mælt er fyrir um í ákvörðuninni sem um getur í 6. lið að framan.

NIÐURSTÖÐUR VÖRUMATS (*):

Lykilviðmiðunarforsendur

Viðmiðunarforsendur fyrir bestu framkvæmd (þar sem við á)

Hæfnisviðmiðanir (þar sem við á)

Aðrar viðmiðunarforsendur (þar sem við á)

VOTTUN / PRÓFUNARSTOFA:

Nafn ábyrgðarmanns:

Heiti stofu:

Heimilisfang stofu:

Athugasemdir:

(1) Númer sem lögbær stofnun úthlutar og kemur fram á umsóknareyðublaði vegna vistmerkis.

(2) Strikið út það sem á ekki við.

(3) Lokafrestur er 30 dagar eftir að staðlaða eyðublaðið var sent framkvæmdastjórninni.

(4) Númer fært í skrá yfir viðurkenndar umsóknir.

(5) Númer fært í skrá yfir umsóknir sem er hafnað.

Útfyllt eyðublað skal sent til:

Framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna (Commission of the European Communities)

Directorate-General X1.A.2

TRMF 4/111

200, rue de la Loi

B-1049 Brussel

Sími: +32 2 299 03 85 — Bréfasími: 32 2 299 03 13

Útfyllist ekki (til nota fyrir framkvæmdastjórnina)

Móttökudagur

Fært í skrá undir nr.

Afrit sent til

Dagsetning

(*) Notið sérstakt blað ef með þarf.